

Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið / Selma Hafliðadóttir  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2006

**Efni: Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð**

Fjallað hefur verið um framangreint frumvarp innan stjórnar Landverndar. Stjórnin vill koma á framfæri tveim ábendingum til íhugunar. Annarsvegar um að grunnkort Landmælinga Íslands fái gildi sem lögformleg kort stjórnvalda til viðmiðunar og tilvísunar innan takmarka mælikvarða og nákvæmni þeirra. Hinsvegar um að afhending gagna skuli gerð á kostnaðarverði. Þá eru hér gerðar nokkrar tillögur um efnislegar breytingar og skilgreiningu á gildissviði laganna.

1. gr. *Markmið* hljóði svo:

*„Markmið laga þessara er stöðug tilvist staðfræðilegra og landfræðilegra upplýsinga um Ísland.“*

Markmið er *ávallt* staða eða ástand, sem stefnt er að, og er lýst með nafnorði. Notkun sagnorða í skilgreiningu eða lýsingu á markmiði á *ávallt* við aðgerðir þær, sem beita skal til að ná markmiðinu og eru þau orð því hvorki lýsing né skilgreining á markmiðinu sjálfu. M.v.i. ofanritað er lagt til að markmið frumvarpsins verið umorðað eins og gert er hér að ofan.

Gildissviðið er ekki skilgreint í frumvarpinu. Gildissvið gæti verið eitthvað á þessa leið:

2. gr. *Gildissvið*:

*„Lög þessi taka til Íslands alls, eyja og skerja, sem því tilheyra, allt að fjörumarki því, sem grunnkort af landi miðast við.“*

Fjörumark, „null-niveau“ þarf svo að skilgreina í núverandi 2. gr. sem yrði 3. grein eftir að ákvæði um gildissvið verður bætt inn í frumvarpið.

4. gr. (yrði 5. gr.) *Verkefni Landmælinga Íslands.*

Eftirtalдар breytingar gæti verið efnislega rétt að gera.

Aftan við texta 2. tl. bættist eftirfarandi við: *Ráðherra setur reglugerð um landshnitakerfi og hæðarkerfi, þar sem kveðið er á um nákvæmni mælinga, um þéttleika og staðsetningu stöðva, merkingu þeirra og verndun gegn spjöllum.*

4. tl. Út falli orðin „...í mælikvarðanum 1:50.000...“. Þess í stað komi orðin „...í tilteknum mælikvarða...“ Á eftir staflið g komi: *Ráðherra setur reglugerð um mælikvarða grunnkorta í byggð og óbyggð, m.a. um nákvæmni þeirra, þéttleika hæðarlína og önnur slík höfuðatriði kortaþekjanna. Landmælingar Íslands semja innan þess ramma norm um atriði á hverri tegund þekja, sem ráðherra staðfestir með nauðsynlegum breytingum, ef með þarf.*


Tryggja þarf að afhending gagna til almennings, fyrirtækja og stofnanna sé á kostnaðarverði. Þetta má gera með því að breyta 5. tl. 4. gr. frv. þannig að greinin yrði á þessa leið:

„*Að veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum á kostnaðarverði, sbr. 6. gr.*“

Hér hefur orðunum „*á kostnaðarverði*“ verið bætt inn til þess að taka af allan vafa um að afhending gagna sé á kostnaðarverði.

Eftir 4. gr. frumvarpsins, sem yrði 5. gr. eftir að gildissvið hefur verið skilgreint, gæti komið ákvæðisgrein (6.gr) um að grunnkort Landmælinga Íslands séu opinber og lögformleg viðmiðunarkort stjórnvalda, hvað varðar staðsetningar og afmarkanir, litið til þeirra mælikvarða og nákvæmni, sem um ræðir, hverju sinni. Aðrar greinar myndu þá færast aftar í töluröð sem næmi nýrri 2. gr. og nýrri 6. gr.

Virðingarfyllst,

  
Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar